## Fundargerð
337. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. apríl 2012, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir,Sveinn Ragnarsson og Vilberg Þráinsson varamaður í forföllum Gústafs Jökuls Ólafssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka þrjú mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

## Dagskrá:

**Fundargerðir**

1. **335. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps 8. mars 2012.**

   *Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.*

2. **336. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps 20. mars 2012.**

   *Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.*

3. **Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 2. apríl 2012.**

   *Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.*

**Mál til afgreiðslu:**

1. **1203042 - Endurskoðun og ársreikningur 2011**
   1. Ráðningabréf endurskoðenda.
   2. Erindi frá Ríkisendurskoðun vegna endurskoðunar hjúkrunarheimila og hjúkrunardeilda dagsett 14. mars 2012 og dreifibréf dagsett 12. mars 2012.

   *Sveitarstjórn samþykkir ráðningarbréf endurskoðenda, vegna endurskoðunar PWC á ársreikningi Reykhólarhrepps árið 2011. Sveitarstjóra falið að undirrita bréfið fyrir hönd stjórnar. Samþykkt samhljóða.*

   *Sveitarstjórn fór yfir erindi Ríkisendurskoðunar varðandi endurskoðun á Barmahlíð. Samningur við PWC rann út um áramót og verður ekki endurnýjaður.*

2. **1204002 - Sjávarsmiðjan styrkbeiðni.**
   Erindi frá Kristínu Tómasdóttur f.h. Sjávarsmiðjunnar, móttekið í mars 2012.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Sjávarsmiðjunni á Reykhólum styrk að upphæð 50.000 kr. vegna þeirrar frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar sem þar fer fram.*

3. **1204003 - Ósk um niðurfellingu á sorpgjaldi.**
   Erindi frá Jóhönnu Gunnarsdóttur dagsett 2. apríl 2012.

   *Sveitarstjórn hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða.*

4. **1204004 – Styrkbeiðni vegna vinnslu á verkefni um bæi í Reykhólahreppi.**
   Erindi frá Hörpu Eiríksdóttur dagsett 10. apríl 2012.´

   *Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Ekki verður um beinan fjárstyrk að ræða, heldur er Hörpu veitt vinnuaðstaða og aðgangur að efni í Reykhólaskóla í samráði við skólastjóra til að vinna verkefnið. Samþykkt samhljóða.*

5. **1204017 – Uppsetning á skiltum í Reykhólahreppi.**
   Erindi frá Leið ehf., varðandi uppsetningu á skiltum fyrir þá sem vilja bjóða far með bíl. Erindi dagsett 9. apríl 2012.

   *Sveitarstjórn telur erindið mjög áhugavert, en að ekki sé tímabært að fara í verkefnið í Reykhólahreppi að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.*

6. **1204005 - Aðalfundur Vesturferða 2012.**
   Fundarboð frá formanni stjórnar Vesturferða móttekið 2. apríl 2012.

   *Ferðamálafulltrúi Reykhólahrepps Harpa Eiríksdóttir mætir á fundinn og fer með umboð sveitarfélagsins fyrir hönd sveitarstjórnar.*

7. **1204006 – Nefnd um mótun stefnu um raflínur í jörð.**
   Ósk um athugasemdir og ábendingar frá hagsmunaaðilum. Erindi frá Iðnaðarráðuneytinu dagsett 23. mars 2012.

   *Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

8. **1204007 - Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.**
   Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 26. mars 2012.

   *Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

9. **1204008 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um veiðigjöld, 658. mál og frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657. mál.**

   Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dagsett 29. og 30. mars 2012.

   *Sveitarstjórn veitir ekki umsögn að svo stöddu, meðan beðið er umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Samþykkt samhljóða.*

**Til kynningar**

10. **1102023 - Sameining skólanna.**
    Niðurlagning starfa og samningur við Capacent um ráðningu skólastjóra hins sameinaða skóla.

    *Kynnt.*

11. **1204009 - Sameiginlegur fundur stjórna sveitarfélaganna á Ströndum, í Reykhólaheppi og Dalabyggð, haldinn á Hólmavík 23. apríl 2012.**

    *Kynnt.*

12. **1204016 –Forsetakosningar 30. júní 2012.**
    Kjörskrárstofnar vegna forsetakosninga 30. júní 2012, erindi frá Þjóðskrá Íslands dagsett 3. apríl 2012.

    *Kynnt.*

13. **1203024 - Skýrsla með skilgreiningum og tillögum nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.**
    Erindi frá Innanríkisráðuneytinu dagsett 21. mars 2012.

    *Kynnt.*

14. **1204010 - Ályktun búnaðarþings 2012**
    Ályktun um tvöfalda búsetu, erindi dagsett 2. apríl 2012.

    *Kynnt.*

15. **1204011 - Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2011**

    *Skýrsla lögð fram.*

16. **1204012 - Kerfisáætlun 2012.**
    Erindi frá forstjóra Landsnets dagsett 22. mars 2012 og áætlun. Áætlun lögð fram á fundi.

    *Áætlun lögð fram.*

17. **1204013 - Fundargerð 795. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

    *Fundargerð lögð fram.*

18. **1203001 - Fundargerð XXVI. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2012 og ársskýrsla Sambandsins 2011.**

    *Fundargerð og skýrsla lögð fram.*

19. **1204015 - 123. fundur Breiðafjarðarnefndar.**

    *Fundargerð lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

20. **1108021 – Sameining mötuneyta.**

    *ÁSK spurðist fyrir um sameiningu mötuneyta. Sveitarstjóri óskaði eftir fundi um málið með ÁSK.*

21. **1204014 – Afskriftir krafna.**

    *ÁSK óskaði eftir því að víkja af fundi, samþykkt af sveitarstjórn. Vegna vinnu við ársreikning lagði sveitarstjóri fram lista af fyrndum óinnheimtum kröfum til afskriftar úr bókhaldi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir afskriftir samhljóða.*

22. **1204020 – Kötluland leiga á túnum.**
Erindi frá Bergi Þrastarsyni fyrir hönd Jónasar Samúelssonar dagsett 12. apríl 2012, ósk um leigu á túnum sveitarfélagsins á Kötlulandi.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:30**

___________________________ ___________________________

___________________________ ___________________________

___________________________ ___________________________